

Nd.

269. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Sigurði Einarssyni.

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum „gerist meðlimir annara félaga“ komi: Slátrunarleyfi skal og veita félögum neytenda fyrir það fé, er þau kaupa til neyzlu meðal meðlima sinna eingöngu.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „verðjöfnunartillaginu til nefndarinnar“ komi: Stjórn neytendafélags, sem fengið hefir slátrunarleyfi, skal og senda slíka skýrslu og standa skil á verðjöfnunartillaginu.